

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 21. október 2008

Erlendar greiðslur

Bankarnir þrír – Glitnir, Landsbanki og Kaupþing – geta sem fyrr ekki afgreitt erlendar greiðslur nema í undantekningartilfellum skv. tilmælum Seðlabankans um temprun útlæðis á gjaldeyri. Sparisjóðabanki Íslands (áður Icebank), sem fram til þessa hefur getað sinnt erlendri greiðslumiðlun í flestum myntum, getur heldur ekki afgreitt erlendar greiðslur í dag. Ástæðan er krafa Seðlabankans um hærrí veðtryggingar frá Sparisjóðabankanum, sem og fleiri fyrirtækjum, sem skapar töluvert óvissuástand.

Ástand þetta er óviðunandi og ítrekar Viðskiptaráð að tafarlaust verði gripið til aðgerða til að vinna bug á gjaldeyrisvandanum. Forgangsmál er að utanríkisviðskipti komist aftur í eðlilegt horf.

Staðan gagnvart Bretlandi

Miklir hnökrar hafa verið á greiðslum milli Íslands og Bretlands síðan bresk yfirvöld tóku ákvörðun um að frysta eignir Landsbankans þar í landi. Í tilkynningu sem Seðlabanki Íslands sendi frá sér í dag segir að unnið sé að lausn þessa máls og að sá hnútur hafi nú verið leystur að mestu. Engu að síður er tekið fram að þó megi búast við því að það taki nokkra daga í viðbót að koma greiðslum milli landanna í lag. Ljóst er því að áfram verða hnökrar á viðskiptum við Bretland um nokkurt skeið.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum er búið að opna fyrir viðskipti milli Royal Bank of Scotland og Seðlabanka Íslands. Unnið er að því að leysa mál gagnvart öðrum breskum bönkum og verður upplýst um það frekar um leið og niðurstöður liggja fyrir.

Viðskiptaráð fagnar væntanlegu frumvarpi um endurgreiðslu innflutningsgjalda

Viðskiptaráð fagnar því að vinna sé á lokastigi innan fjármálaráðuneytisins að frumvarpi sem gerir ráð fyrir endurgreiðslu hluta af innflutningsgjöldum ef bifreiðar eru seldar úr landi.

Viðskiptaráð hefur fjallað um málefnið, en í desember á síðasta ári gaf Viðskiptaráð út skoðun undir yfirskriftinni Íslenska bílaþjóðin – ný útflutningsgrein á Íslandi. Þar lagði ráðið til að endurútflutningur bifreiða yrði gerður hagkvæmari í ljósi vaxandi birgðastöðu innanlands. Þannig taldi ráðið að gera ætti breytingar á regluverki þannig að þeim aðilum sem flytja út bifreiðar yrði gert kleift að fá virðisaukaskatt og vörugjöld sem hlutfall af söluverðmæti þeirra endurgreidd við útflutning. Slíkur útflutningur hefði margvíslega kosti í för með sér, en þar má helst nefna bættan vöruskiptajöfnuð, gjaldeyristekjur, jákvæð áhrif á umhverfið og aukið umferðaröryggi.

Viðskiptaráð leggur á það ríka áherslu að þetta frumvarp verði að lögum sem allra fyrst og mun leggja lóð sín á vogarskálarnar til að svo verði.